

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, greiði stefnanda Guðríði Friðriksdóttur f. h. dánarbús Kristjáns Helgasonar S 35.000.00 með 15.75% ársvöxtum frá 17. janúar 1975 til 1. ágúst 1977, en með 16.25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en 19.5 ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 22.5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1.000.000 í málskostnað, allt inn 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. febrúar 1983.

Nr. 178/1982. **Valdstjórnin**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

X

(Gylfi Thorlacius hrl.).

Lögræði. Sjálfræðissvipting felld niður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk skipaðs lögráðamanns varnaraðilja með stefnu 31. ágúst 1982.

Af hálfu valdstjórnarinnar er þess krafist, að staðfestur verði úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. júlí 1982, þar sem synjað er beiðni um niðurfellingu sjálfræðissviptingar X, fæddrar 1950, svo og að áfrýjunarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að úrskurður sakadóms Reykjavíkur frá 2. júlí 1982 verði felldur niður og að krafa um niðurfellingu sjálfræðissviptingar varnaraðilja samkvæmt dómi í málinu nr. 306/1980: Valdstjórnin gegn X verði tekin til greina. Einnig er þess krafist, að talsmönnum varnaraðilja verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er rakið vottorð Jóns G. Stefánssonar læknis. Hafði héraðsdómariinn áður reynt að afla vottorðs um andlega heilsu varnaraðilja frá yfirlæknum Kleppsspitalans.

Í flutningi málsins fyrir Hæstarétti var tekið fram af hálfu valdstjórnarinnar og varnaraðilja, að eftir áfrýjun úrskurðar þess, sem upp var kveðinn 2. júlí 1982, hefði verið reynt að fá ný læknisvottorð, en það hefði ekki tekist. Verður vottorð Jóns G. Stefánssonar læknis því lagt til grundvallar í málinu. Verður samkvæmt því að telja ósannað, að varnaraðili hafi verið ófær um að ráða persónulegum högum sínum, er hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp, og því hafi ekki verið fyrir hendi skilyrði þau, sem lágu til grundvallar sjálfræðissviptingu varnaraðilja 12. júní 1980. Verður sjálfræðissvipting varnaraðilja því felld úr gildi.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 95/1947 á allur kostnaður af málinu að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflytningu talsmanns varnaraðilja hér fyrir dómi, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur, en ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað á að vera óbreytt.

D ó m s o r ð:

Felld er niður sjálfræðissvipting varnaraðilja, X, fæddrar 1950.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóð, þar með talin málflytningu skipaðs talsmanns varnaraðilja í héraði, Svölu Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 1.800.00 krónur, og fyrir Hæstarétti, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Í 12. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 segir m. a., að tilmæli til héraðsdómara þess efnis, að lögræðissvipting sé úr gildi felld, skuli studd gögnum um breyttar ástæður hins lögræðissvipta aðilja. Þá segir, að tilmælunum skuli að jafnaði ekki sinnt, ef lögræðissvipting hefur verið byggð á 1. tölulið 5. gr. laganna, eins og hér var, nema þeim fylgi meðmæli embættislæknis. Slík meðmæli hafa ekki komið fram í þessu máli. Af gögnum málsins og málflytningi verður ekki

séð, að ástæður varnaraðilja hafi breyst frá 1980, en hún var svipt sjálfræði 12. júní það ár.

Með þessari athugasemd ber að mínu áliti að staðfesta hinn áfrýj-
aða úrskurð.

Ég er sammála því, sem segir í dómsorði um málflutningslaun.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. júlí 1982.

Ár 1982, föstudaginn 2. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 18. mars sl., barst dóminum bréf A, ... Reykjavík, dags. 12. janúar sl., þar sem hún kveðst falla frá beiðni sinni um sjálfræðissviptingu dóttur sinnar, X, sem hún lagði fram á árinu 1980, þar sem hún sjái enga ástæðu til að svipta hana sjálfræði framar (sic). Einnig fylgdi bréfi ríkissaksóknara rannsóknarlögregluskýrsla, þar sem A staðfestir efni bréfs síns.

X, ..., Reykjavík, fædd 1950, var svipt sjálfræði með dómi, uppkveðnum 12. júní 1980. Í niðurlagi dómsins segir m. a., að X hafi verið vistuð á Kleppsspítala í mars og apríl 1980, en sjúkdómsgreiningu hafi ekki verið lokið, á meðan hún dvaldi þar, en samkvæmt framburði Ólafs Jóhanns Jónssonar, lækni á Kleppsspítala, og Heimis Bjarnasonar aðstoðarborgarlækni séu líkur á, að hún sé haldin sjúkdómnum schizoprenia paranoides. Þá segir, að andlegri heilsu X sé svo komið, að hún teljist ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum. Var hún svipt sjálfræði með vísan til 1. tl. 5. gr. lögræðis laga nr. 95/1947.

X óskaði að áfrýja dóminum, og var gefin út áfrýjunarstefna hinn 15. september 1980, sem var birt móður hennar á heimili þeirra hinn 27. júlí 1981. Þann 17. mars 1982 féll X frá ósk sinni um áfrýjun, og lét ríkissaksóknari þar við sitja.

Eftir að X var svipt sjálfræði, var B, ... Reykjavík, skipaður lögráðamaður hennar.

Samkvæmt þeim gögnum, sem dómariinn hefur aflað í máli þessu, dvaldi X erlendis lengst af, eftir að hún var svipt sjálfræði og fram í janúar 1982. Í febrúar 1981 var hún lögð inn á geðsjúkrahús í Þýskalandi, en hún reyndist þá einnig þjást af lífshættulegum blóðsjúkdómi. Í ágúst 1981 var hún sett í fangelsi í Róm á Ítalíu, en látin laus fyrir atbeina aðalræðismannsins þar, sem útyegaði henni fé, m. a. til þess að komast til Genf í Sviss.

X sneri sér oftast en einu sinni til fastanefndar Íslands í Genf og leitaði

eftir fjárhagsaðstoð, en vildi hvorki gefa upplýsingar um fyrirætlanir sínar né fara heim til Íslands. Í nóvember 1981 fór X til systur sinnar í Svíþjóð, en hvarf þaðan til Kaupmannahafnar, eftir að systir hennar hafði reynt að fá hana til að þiggja læknishjálp. Hinn 25. nóvember 1981 óskaði lög-ráðamaður X aðstoðar utanríkisþjónustunnar við að koma X í lækni með-ferð í Kaupmannahöfn, og veitti dómismálaráðuneytið samþykki sitt fyrir því. Áður en til þess kæmi, hafði danska lögreglan sleppt henni úr haldi.

Í ársbyrjun 1982 sneri X sér til íslenska sendiráðsins í París í Frakklandi og kvaðst vera á förum til Íslands, en skorti fé. Var henni veitt nauðsynleg fjárhagsaðstoð og jafnframt útvegaður flugfarseðill, sem gilti eingöngu til Íslands.

Samkvæmt gögnum málsins þurfti X alloft að leita aðstoðar vegna fjár-skorts þann tíma, sem hún dvaldi erlendis, og olli ýmsum vandræðum. Móðir hennar og lög-ráðamaður munu hafa innt af hendi greiðslu fyrir hana.

Í mars sl. fór lög-ráðamaður X þess á leit við dómismálaráðuneytið, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að hún færi úr landi.

Að morgni 15. febrúar sl. var lögreglan í Reykjavík kvödd að Samkvæmt lögregluskýrslu hafði X tekið peninga af móður sinni, A, og haft í hótunum við hana. Lögreglan hafði upp á X skömmu síðar, og var hún að ósk A vistuð í fangageymslu, en færð á geðdeild Landspítalans næsta dag.

Hinn 10. mars sl. óskaði lög-ráðamaður X eftir því, að lögreglan hefði upp á henni í því skyni að koma henni til lækninga. Sama dag fór lögreglan að ..., þar sem X hélt þá til, og að sögn íbúa þar hafði hún lokað sig inni á salerni og verið þar í 2 daga. Lögreglumenn fengu hana til að koma út af salerninu, en hún féllst ekki á að fylgja þeim, og varð að færa hana með valdi í lögreglubifreiðina. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar virtist X vera lítillaga undir áhrifum áfengis, en í annarlegu ástandi.

Fyrst eftir að dómarrinn fékk beiðni A í hendur, hafði X ítrekað sima-samband við hann og krafðist þess, að bréf lög-ráðamanns hennar til dóms-málaráðuneytisins um ráðstafanir til að hindra brottför hennar úr landi yrði ógilt. Dómarrinn skoraði á hana að færa fram lækni svottorð um andlegt heilbrigði hennar, sbr. 1. mgr. i. f. 12. gr. laga nr. 95/1947, en hún taldi bréf móður sinnar vera fullnægjandi til þess, að hún öðlaðist sjálfræði á ný.

Gerðar voru ítrekaðar tilraunir í mars og apríl sl. til þess að kveðja A fyrir dóminn, en hún sá sér ekki fært að koma vegna heilsubrests. A lést

Í lok apríl sl. kom X til Írlands með skipi frá Englandi. Samkvæmt gögn-um málsins mun hún hafa komið til Southamton í Englandi, en verið neitað um landgönguleyfi. Hún mun þá hafa haldið áfram til Írlands, en á leið þangað kveikt í tveimur kátum í skipi því, sem hún var með. X kom til

Íslands frá Írlandi hinn 30. apríl sl. í fylgd tveggja hjúkrunarfræðinga og var vistuð í geðdeild Landspítalans.

Með bréfi, dags. 10. maí sl., var þess farið á leit við yfirlækna Kleppspítalans, að dómnum yrði látið í té vottorð um andlega heilsu X vegna máls þessa. Í svari Lárusar Helgasonar yfirlæknis, dags. 2. júní sl., segir svo: „Með tilliti til meðferðartengsla óskum við ákveðið eftir því að veita ekki upplýsingar án samráðs við viðkomandi sjúkling.“

X kom fyrir dóminn 8. júní sl. og óskaði þá eftir að fá sjálfræði á ný. Kvað hún móður sína hafa ritað beiðni þess efnis að hennar ósk.

X kvaðst hafa verið erlendis í tæplega eitt og hálf ár, uns hún kom til landsins í janúar sl. Hún hafi unnið við kvikmyndagerð á eigin vegum, en einnig önnur störf, sem nægðu henni til framfæris.

Er X kom fyrir dóminn, kvaðst hún hafa dvalið í rúman einn mánuð á geðdeild Landspítalans gegn vilja sínum, en ekki verið í lækni meðferð og engin lyf tekið þar. Kvaðst hún ekki vilja vera íslenskur ríkisborgari, en vera að sækja um ríkisborgararétt í Englandi. Af þeim sökum hafi hún brennt vegabréf sitt, þegar hún var á leið til Írlands í lok apríl sl., en þar hafi hún verið handtekin og lokuð inni á geðsjúkrahúsi í nokkra daga og síðan send með fylgdarmönnum til Íslands og vistuð á geðdeild. Kvaðst X hafa útskrifast þaðan 8. júní sl.

Í þessu þinghaldi skoraði dómari enn á X að leggja fram vottorð læknis um andlega heilsu hennar.

Lögráðamaður X, vitnið B ..., Reykjavík, kom fyrir dóminn 11. júní sl. Kvaðst það hafa verið skipað lögráðamaður X um sumarið 1980 með samþykki hennar og jafnvel samkvæmt ósk hennar. Það kvaðst vera óskýlt henni, en þau hafi þekktst áður.

Vitnið kvað móður X hafa orðið við þrálátri beiðni hennar um að leggja henni lið við að fá sjálfræði á ný, en það kvaðst hvorki hafa mælt með né á móti beiðni þar um, þegar A bar hana undir það. Það taldi andlega heilsu X vera nánast óbreytta frá því sem var, þegar hún var svipt sjálfræði, en ástand hennar sé þó breytilegt. Einkenna sjúkdóms hennar gæti yfirleitt, en mismikið. Hún svelt sig, sofi ekki og sé full af ótta við eitthvað og haldist jafnvel ekki við af þeim sökum. Þá kvað vitnið sér vera kunnugt um, að X hafi beitt móður sína ofbeldi og tekið frá henni verðmæti ófrjálsri hendi.

Vitnið kvað X hafa verið vistaða á Kleppspítala, fyrst eftir að hún var svipt sjálfræði. Hún hafi einnig verið á geðsjúkrahúsi í Þýskalandi í 1—2 vikur á síðasta ári og einnig á Írlandi í 2—3 daga sl. vor. Þá hafi hún enn fremur verið vistuð samkvæmt ósk vitnisins á geðdeild Landspítalans í um eina viku sl. vetur, en engan bata fengið, og aftur í maí og fram í júní sl.

Vitnið kvað X hafa dvalist mikið erlendis sl. 10 ár, m. a. frá því um sumarið 1980 og þar til í janúar sl., en á þeim tíma hafi það ekkert hitt hana né eftir að hún var lögð inn á geðdeild síðast. Það kvaðst telja hana hafa gaman af að ferðast, en einnig að hún sé með þessu að flýja eitthvað. Á ferðum sínum hafi hún átt erfitt með að hafa ofan af fyrir sér og hafi móðir hennar oft þurft að senda henni fé.

Vitnið kvaðst hafa talið ástand X vera með versta móti, þegar það ritaði dómsmálaráðuneytinu í mars sl. og óskaði eftir, að ráðstafanir yrðu gerðar til að koma í veg fyrir, að hún færi úr landi. Það kvaðst þó ekki telja hana vera hættulega, en hún fari illa með sig, t. d. með því að borða ekki.

Vitnið taldi ástand X, eins og það var, áður en hún var síðast vistuð á geðdeild, ekki benda til þess, að hún væri fær um að ráða persónulegum högum sínum, né hafa breyst svo, síðan hún var svipt sjálfræði, að niðurfelling sjálfræðissviptingar sé réttlætunleg.

Í vottorði Jóns G. Stefánssonar, læknis á geðdeild Landspítalans, dags. 11. júní sl., sem stílað er á X og hún lagði fram í máli þessu, segir svo: „Að beiðni þinni votta ég, að þú ert veik af geðklofa (schizophrenia). Einkenni veikindanna eru m. a. óraunhæfur ótti og óraunhæfar hugmyndir um sjálfa þig og afstöðu annarra til þín.

Einkenni veikindanna hafa stundum magnast svo, að til verulegra erfiðleika hefur komið í samskiptum þínum við annað fólk, og geta þín til að sinna nauðþurftum, svo sem að neyta nægilegrar fæðu, hefur skerst alvarlega. Stundum hafa þessir erfiðleikar orðið það miklir, að hætta hefur stafað af.

Undanfarnar vikur hafa einkenni veikindanna verið með minnsta móti, og ég tel þig alveg sjálfbjarga eins og nú er. Hvenær frekari erfiðleikar vegna sjúkdómsins koma upp, er erfitt að spá um, en ég vil áfram vera þér til þeirrar aðstoðar, sem ég get.“

X hefur enn fremur lagt fram skjal, dags. 24. júní sl., sem hún kallar „greinargerð um heilbrigði mitt,“ að tilhlutan D. Ekki verður séð, að þessi greinargerð varði mál þetta, enda getur hún tæpast talist fjalla um heilbrigði X.

Niðurstöður.

Samkvæmt 6. gr. lögræðis laga nr. 95/1947 skal veita lögræðissviptum manni lögræði á ný, ef ástæður lögræðissviptingar eru ekki lengur fyrir hendi. X var, svo sem fyrr segir, svipt sjálfræði vegna ástæðna, sem greindar eru í 1. tl. 5. gr. lögræðis laga.

Samkvæmt vottorði Jóns G. Stefánssonar læknis, sem að framan er rakið, er X veik af geðklofa (schizophrenia), sem hefur stundum m. a. leitt til verulegra erfiðleika í samskiptum við fólk. Enn fremur hefur hún af

Þessum sökum ekki nærst sem skyldi, jafnvel svo, að hætta stafaði af.

Af gögnum málsins er ljóst, að utanríkisþjónustan þurfti alloft að greiða götu X, þegar hún var erlendis 1980 til janúar 1982, bæði með peningasingingum og á annan hátt. Enn fremur komu mál hennar til kasta utanríkisráðuneytisins, eftir að hún var vistuð á geðsjúkrahús á Írlandi í apríl sl., en hún hafði þá komist úr landi þrátt fyrir farbann. Af þessu öllu þykir mega ráða, að X hafi ekki verið fær um að sjá sér farborða eða ráða högum sínum sjálf, og þykir mega rekja það til geðsjúkdóms hennar.

Í vottorði Jóns G. Stefánssonar læknis segir einnig, að einkenni veikinda X hafi verið „með minnsta móti“ undanfarnar vikur og að hann telji hana „alveg sjálfbjarga, eins og nú er.“ Hins vegar er látið að því liggja, að hún muni eiga eftir að eiga í frekari erfiðleikum vegna sjúkdómsins, en erfitt sé að spá um, hvenær það verði.

Svo sem fyrr segir, var X vistuð á geðsjúkrahús á Írlandi sl. vor, en færð til Íslands í fylgd hjúkrunarfærðinga. Hún var síðan vistuð á geðdeild hér samkvæmt ósk lögráðamanns hennar og gegn vilja hennar, þar sem hún dvaldi í um 5 til 6 vikur. Ekkert bendir til þess, að X hafi leitað sér lækni-aðstoðar vegna geðsjúkdóms síns af eigin hvötum, og hún kannast ekki við að hafa verið í lækni meðferð þann tíma, sem hún dvaldi nauðug á geðdeild Landspítalans nú í vor.

Þrátt fyrir það að læknirinn telji X vera „alveg sjálfbjarga, eins og nú er,“ þykir sannað með því, sem að framan er rakið, að hún sé haldin geðsjúkdómi, sem geri henni ókleift að ráða persónulegum högum sínum. Greinargerð X um „heilbrigði“ hennar, sem áður er getið, þykir einnig heldur benda til þess, að hún sé ekki andlega heilbrigð.

Í greinargerð talsmanns X, Svölu Thorlacius héraðsdómslögmanns, er bent á, að bæði hér á landi og erlendis sé fjöldi fólks, sem þjáist af geðklofa, en lifi fullkomlega eðlilegu lífi með góðri lækni meðferð og réttum lífnáðarháttum. Í máli þessu er í ljós leitt, að X hefur ekki viljað þiggja aðstoð lækna og hefur heldur ekki lífað „eðlilegu lífi,“ sem e. t. v. er hvort tveggja af sömu rót runnið.

Með því, sem nú hefur verið rakið, þykir vera sannað, að ástæður þær, sem greindar eru í 1. tl. 5. gr. lögræðislaga og leiddu til sjálfræðissviptingar X, eru enn fyrir hendi, og ber því samkvæmt 6. gr., sbr. 12. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 að synja beiðni um niðurfellingu sjálfræðissviptingar hennar.

Samkvæmt 15. gr. lögræðislaga ber að greiða kostnað vegna máls þessa úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns X, Svölu Thorlacius héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 1.800.00 krónur.

Úrskurðarorð:

Beiðni um niðurfellingu sjálfræðissviptingar X, fæddrar ... 1950, er synjað.

Málskostnaður greiðist úr rikissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns X, Svölu Thorlacius héraðsdómslögmanns 1.800.00. krónur.

Mánudaginn 21. febrúar 1983.

Nr. 131/1982.

Haukur Leósson

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur V. Jósefsson hrl.)

Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins

(enginn)

Frankvæmdastofnun ríkisins

(enginn)

Landsbanka Íslands

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Hirti Torfasyni

(sjálfur)

Útvegsbanka Íslands

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Sparisjóði vélstjóra

(enginn)

Jóni Magnússyni

(Benedikt Sveinsson hrl.)

Þórarni Árnasyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Boga Ingimarssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Guðmundi Jónssyni

(Hákon Árnason hrl.)

Magnúsi Fr. Árnasyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)